

Sjóðurinn er stofnaður af félögum karlakórsins Feykis á afmælisdegi Árna heitins Jónssonar 21. apríl 1974, með framlagi að fjárhæð kr. 100 000.00 — eithundrað þúsund krónur 00/100.

### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja tónlistar- og sönglíf í sveitum Skagafjarðar. Má þar til nefna tónlistarkennslu, stuðning við söngkóra, svo og námsstyrki til aðila, er stunda tónlistarnám til undirbúnings starfa á starfssviði sjóðsins.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk stofnframlags samkvæmt framanrituðu:

1. Framlög og gjafir, er berast kunna.
2. Ágóði af minningar- og jólakortum, er sjóðurinn kann að gefa út.
3. Ágóði af samkomum, sem haldnar kunna að verða á vegum sjóðsins.
4. Vextir af höfuðstól, (sjá þó 4. gr.).

### 4. gr.

Eigi má úthluta styrkjum úr sjóðnum fyrr en hann hefur náð kr. 500 000.00. Má þá úthluta  $\frac{2}{3}$  af ársvöxtum, en  $\frac{1}{3}$  þeirra leggst ávallt við höfuðstól.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan tryggilegan hátt.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal starfa undir umsjón sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 2 og jafnmargir til vara, kosnir af sýslunefnd, eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar og 1, tilnefndur af Báru Jónsdóttur á Víðimel, ekkju Árna Jónssonar, og niðja þeirra, meðan þeirra nýtur við, en að þeim frágengnum skal hreppsnefnd Akrahrepps nefna 1 mann og annan til vara í stjórn, eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndar.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gert í Héðinsminni, 21. apríl 1974.

Magnús H. Gíslason.

Árni Bjarnason.

Sveinn Þ. Gíslason.

Sig. Sigurðsson.

Konráð Gíslason.

Guðmann Tóbiásson.

Gunnar Oddsson.

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Laugarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

**2. gr.**

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar er þurfa þykir.

**3. gr.**

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Ytri-Torfustaðahrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikingsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshald, innheimtur og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja þeim ár hvert.

**4. gr.**

Hver sá, er óskar að kaupa vatn af Vatnsveitu Laugarbakka skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirætlum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

**5. gr.**

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

**6. gr.**

Skýlt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta án tafar gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að gera það á kostnað eiganda.

**7. gr.**

Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja til athugunar á þeim og eftirlits með vatnsnotkun. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

**8. gr.**

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess kostur. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

**9. gr.**

Áður en tenging fer fram, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 12.00 á hvern rúmmetra allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 8.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram, en þó aldrei lægra en kr. 7 000.00.

**10. gr.**

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í. Skal hann árlega nema 0.20% af fasteignamati, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar, eins og það er hverju sinni.

Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1 000.00 af hverri húseign árlega. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.

Fyrir aðra notkun vatns en til venjulegra heimilisnota skal greiða gjald, er heppsnefndin ákveður.

## 11. gr.

Gjöld skv. 9. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 913 stig, en heimilt er hreppsnefndinni að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á henni um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins. Þá getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað gjöld skv. 9. og 10. gr. um allt að 50%, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

## 12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

8. maí 1974.

Nr. 162.

## S A M Þ Y K K T

### um hundahald á Sauðárkróki.

## 1. gr.

Hundahald er bannað á Sauðárkróki.

## 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa strauum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð.

c) Skytt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.